

Reykjanesbær

Ársreikningur

2025

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
kt. 470794-2169

Reykjanesbær

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-32

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2025 námu 42.355,6 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a- og b-hluta. Rekstrartekjur a-hluta námu 28.537,7 milljónum króna. Laun og launatengd gjöld í samanteknum rekstrarreikningi námu 17.914,8 milljónum króna en stöðugildin voru 1.328 í árslok og ársverk 1.339. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 2.249,9 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a- og b-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 7.984,9 milljónum króna en að teknu tilliti til þeirra liða auk tekjuskatts og hlutdeild minnihluta var niðurstaðan jákvæð um 2.254,2 milljónir króna. Áætluð rekstrarniðurstaða í samanteknum ársreikningi samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun var jákvæð um 1.373,4 milljónir króna og nemur jákvætt frávik frá henni því 880,8 milljónum króna, sjá nánar í skýringu 27.

Heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi námu 107.986,3 milljónum króna og heildareignir bæjarsjóðs námu 59.635,6 milljónum króna í árslok 2025. Heildarskuldir og skuldbindingar í samanteknum ársreikningi námu 64.528,4 milljónum króna og í ársreikningi bæjarsjóðs 38.937,9 milljónir króna í árslok 2025. Eigið fé í samanteknum ársreikningi nam 43.457,9 milljón króna og eigið fé bæjarsjóðs nam um 20.697,7 milljónum króna í árslok 2025.

Íbúaföldi Reykjanesbæjar í lok árs 2025 skv. Þjóðskrá var 25.576 og fjölgaði um 1,36% frá fyrra ári.

Bæjarstjórn veur athygli á skýringu 25 þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu og rekstrarhæfi samstæðunnar.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reykjanesbær, 16. apríl 2026

Bæjarstjóri

Kjartan M. Kjartan



Bæjarráð

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir
Sigræós Antonsd.
Diana Filmandóttir

Margrét Sandur
~~Margrét Sandur~~

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar staðfestir hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 5. maí 2026

Bæjarstjórn

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir
Gudný Birna Guðmundsdóttir
Höfdu M.
Sigræós Antonsd.
Diana Filmandóttir

~~Margrét Sandur~~

Helga María Finnbj.
Margrét Sandur
Guðrún Elva Reynisson
2. Þórunn Þórunn
Róbert J. Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Ársreikningurinn innifelur reikningsskil A hluta og samstæðureikning A og B hluta.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu A hluta og samstæðunnar A og B hluta á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta og innifelur

- Skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
- Rekstrarreikning ársins 2025.
- Efnahagsreikning 31. desember 2025.
- Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skýringar 26, 27 og 28 eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð sveitafélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitafélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skýringar 26, 27 og 28, sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitafélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Sveitarfélagið birtir ekki skýrslu stjórnar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006, þar af leiðandi höfum við ekki yfirfarið slíka skýrslu í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr.3/2006.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram víðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.


Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðferðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitafélagsins.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitafélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitafélagið verði ekki lengur rekstrarhæf.
- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.
- Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga rekstrareininga sem falla undir A og B hluta sveitarfélagsins til að gefa út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Reykjanesbær, 5.mái 2026.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ágúst Kristinsson

Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
	2025	Áætlun	2024	2025	Áætlun	2024
Rekstrartekjur	3					
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs	21.806.479	20.306.000	19.750.264	21.729.510	19.876.769	19.678.219
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga	3.579.675	3.042.000	3.388.460	3.579.675	3.042.000	3.388.460
Þjónustutekjur	3.077.728	2.908.173	4.373.960	16.348.365	16.133.102	16.690.557
Eignatekjur	71.997	16.977	23.715	342.730	16.977	281.139
Söluhagnaður fastafjármuna	1.868	0	299.159	355.368	0	464.326
	<u>28.537.747</u>	<u>26.273.150</u>	<u>27.835.558</u>	<u>42.355.647</u>	<u>39.068.848</u>	<u>40.502.701</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4	14.575.806	13.881.164	13.111.631	17.914.852	16.228.858
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	17	1.110.898	450.000	723.677	1.138.205	718.761
Vöru- og þjónustukaup		7.794.570	6.687.993	8.518.017	13.866.217	14.195.314
Styrkir og framlög		2.806.499	2.341.420	2.655.370	1.451.439	1.381.980
		<u>26.287.773</u>	<u>23.360.577</u>	<u>25.008.695</u>	<u>34.370.713</u>	<u>32.524.914</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		2.249.974	2.912.573	2.826.863	7.984.934	8.056.034
Afskriftir	9	1.109.883	926.720	830.894	2.547.340	2.202.989
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	1.140.091	1.985.853	1.995.969	5.437.594	5.774.798
Fjármunatekjur		556.307	120.000	483.797	794.690	720.258
Fjármagnsgjöld	5	(1.606.842)	(1.920.000)	(1.366.574)	(2.967.333)	(2.974.045)
Söluhagnaður (sölutap) hlutabréfa		350.456	0	0	330.394	0
		<u>(700.080)</u>	<u>(1.800.000)</u>	<u>(882.777)</u>	<u>(1.842.250)</u>	<u>(2.253.787)</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага		440.011	185.853	1.113.193	3.595.344	2.424.701
Tekjuskattur	18	0	0	0	(389.338)	(295.917)
Hlutdeild minnihluta	16	0	0	0	(951.791)	(647.869)
Rekstrarniðurstaða		<u>440.011</u>	<u>185.853</u>	<u>1.113.193</u>	<u>2.254.216</u>	<u>2.577.226</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið a og b hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Leigðar eignir	7	1.933.710	1.993.647	1.933.710	1.993.647
Fasteignir, lóðir og lendur	7	44.153.227	38.870.601	48.861.995	43.273.942
Götur og veitukerfi	7	3.150.802	3.342.741	37.750.456	36.534.626
Hafnarmannvirki	7	0	0	1.808.410	1.662.529
Aðrar eignir	7	205.695	213.000	903.924	837.206
Efnisbirgðir	13	0	0	54.502	54.502
		<u>49.443.434</u>	<u>44.419.989</u>	<u>91.312.997</u>	<u>84.356.453</u>
Óefnislegar eignir					
Óefnislegar eignir	8	0	0	298.425	314.931
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>298.425</u>	<u>314.931</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhl. í hlutdeildar- og dótturfélögum	10	2.608.263	2.758.807	0	0
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	713.976	713.976	749.704	749.694
Skuldabréfaeign	11	1.168.190	1.056.056	1.168.190	1.056.056
Langtímakröfur	12	560.439	587.889	560.439	587.889
		<u>5.050.868</u>	<u>5.116.729</u>	<u>2.478.333</u>	<u>2.393.640</u>
Fastafjármunir		<u>54.494.302</u>	<u>49.536.718</u>	<u>94.089.755</u>	<u>87.065.024</u>
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur					
Birgðir	13	0	0	849.536	945.305
Óinnheimtar tekjur	14	2.241.470	1.681.520	4.111.400	3.230.578
Aðrar peningalegar eignir	15	901.219	1.039.822	964.602	1.122.062
Kröfur á tengd félög	23	24.934	17.164	0	0
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	11	0	73.032	0	73.032
Næsta árs afborganir langtímakröfu	12	27.450	27.450	27.450	27.450
		<u>3.195.074</u>	<u>2.838.989</u>	<u>5.952.987</u>	<u>5.398.427</u>
Handbært fé					
Bankainnstæður og sjóður.....	15	1.946.221	133.653	7.943.574	2.216.476
		<u>1.946.221</u>	<u>133.653</u>	<u>7.943.574</u>	<u>2.216.476</u>
Veltufjármunir		<u>5.141.295</u>	<u>2.972.642</u>	<u>13.896.561</u>	<u>7.614.903</u>
Eignir		<u>59.635.597</u>	<u>52.509.360</u>	<u>107.986.316</u>	<u>94.679.927</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Bæjarsjóður		Samantekið a og b hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	16				
Eigið fé		20.697.709	18.556.479	34.510.253	30.822.070
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	8.947.693	8.494.902
		<u>20.697.709</u>	<u>18.556.479</u>	<u>43.457.946</u>	<u>39.316.972</u>
Skuldir og skuldbindingar					
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	17	9.181.839	8.506.490	9.646.823	8.936.007
Tekjuskattsskuldbinding	18	0	0	2.487.426	2.449.406
		<u>9.181.839</u>	<u>8.506.490</u>	<u>12.134.249</u>	<u>11.385.414</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	19	17.946.704	12.170.063	39.270.457	29.590.341
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	20	0	0	308.485	371.762
Leigusamningar.....	21	2.029.977	2.081.947	2.397.192	2.437.469
		<u>19.976.682</u>	<u>14.252.010</u>	<u>41.976.134</u>	<u>32.399.572</u>
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir.....		1.083.415	2.597.398	1.083.415	2.597.398
Viðskiptaskuldir	22	763.200	932.065	2.264.536	2.277.777
Skuldir við tengd félög.....	23	3.004.174	2.917.376	0	0
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar.....	17	425.386	370.747	425.386	370.747
Aðrar skammtímaskuldir.....	22	1.685.695	1.702.804	2.212.322	2.308.223
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	20	1.452.322	1.640.012	1.521.529	1.709.219
Næsta árs afborganir langtímaskulda og leiguskuldb.....	22	1.365.175	1.033.979	2.910.798	2.314.605
		<u>9.779.367</u>	<u>11.194.381</u>	<u>10.417.986</u>	<u>11.577.969</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>38.937.888</u>	<u>33.952.881</u>	<u>64.528.370</u>	<u>55.362.955</u>
Eigið fé og skuldir		<u>59.635.597</u>	<u>52.509.360</u>	<u>107.986.316</u>	<u>94.679.927</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	Bæjarsjóður			Samantekið a og b hluti		
		2025	Áætlun	2024	2025	Áætlun	2024
Rekstramiðurstaða ársins		440.011	185.853	1.113.193	2.254.216	1.357.376	2.577.226
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:							
Afskriftir	8	1.109.883	926.720	830.894	2.547.340	2.364.566	2.202.989
Afskriftir krafna		0	0	0	5.841	0	442
Reikningshaldsleg afskrift hlutabréfa		0	0	36	43	0	42
Sölutap (-hagn) varanlegra rekstrarfjárm		(1.868)	0	(299.159)	(355.368)	0	(465.237)
Sölutap (-hagnaður) hlutabréfa		(350.456)	0	0	(330.394)	0	0
Verðbætur, gengismunur og skuldbr. vaxta		645.868	644.809	627.353	1.462.947	1.406.589	1.641.029
Langtímakrafa, breyting		27.450	0	27.450	0	0	0
Breyting lífeyrisskuldbindinga		1.110.898	450.000	723.677	1.145.569	460.000	744.221
Breyting tekjuskattskuldbindinga		0	0	0	27.821	0	16.197
Hlutdeild minnihluta	16	0	0	0	951.791	757.325	647.869
Hreint veltufé frá rekstri		2.981.787	2.207.382	3.023.444	7.709.807	6.345.856	7.364.779
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:							
Birgðir, hækkun		0	0	0	95.769	0	(102.913)
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)		0	0	0	(69.207)	0	(69.397)
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)		(421.346)	0	97.280	(642.860)	0	(13.850)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(1.991.647)	(290.000)	344.769	(1.948.205)	(266.541)	535.972
Skammtímalíðir á b - hluta fyrirtæki		183.027	0	140.327	0	0	0
Handbært fé frá rekstri		751.821	1.917.382	3.605.820	5.145.305	6.079.315	7.714.592
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	7	(4.565.897)	(2.468.650)	(6.057.520)	(7.925.057)	(6.284.321)	(8.634.917)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		2.950	0	415.769	443.557	0	627.222
Gatnagerðagjöld		132.706	0	0	132.706	0	0
Fjárfesting og sala á eignarhl. í félögum		501.000	0	0	0	0	0
Eignarfærður nýtingarréttur Flugvallarbraut 710		0	0	(1.354.614)	0	0	(1.354.614)
Leiðréttar eldri fjárfestingar v/Helguvík		0	0	0	0	0	91.326
Langtímakröfur, breyting		0	375	0	0	375	0
Hækkun á kröfum við tengd félög		0	0	0	52.798	0	0
Sala og afborganir skuldabréfaeignar	11	72.340	0	0	72.340	0	30.616
		(3.856.902)	(2.468.275)	(6.996.366)	(7.223.656)	(6.283.946)	(9.240.368)
Fjármögnunarhreyfingar							
Nýr leigusamningur		0	0	754.614	0	0	754.614
Nýjar langtímaskuldir		6.532.015	4.000.000	2.597.398	11.373.515	2.400.000	2.597.398
Afborganir langtímaskulda		(1.117.935)	(1.087.697)	(1.173.636)	(2.472.878)	(2.362.549)	(2.514.962)
Afborganir leiguskuldbindinga	21	(115.520)	(91.760)	(97.871)	(117.498)	(91.760)	(99.685)
Keypt eigin hlutabréf		0	0	0	(499.000)	0	0
Lækkun skammt.sk við lánastofnanir		0	(2.500.000)	0	0	0	0
Niðurgreiðsla lífeyrisskuldbindinga	17	(380.910)	0	(344.626)	(380.910)	0	(344.626)
Skuld við eigin fyrirtæki breyting		0	282.716	0	(97.778)	0	(3.692)
		4.917.650	603.259	1.735.879	7.805.450	(54.309)	389.048
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		1.812.569	52.366	(1.654.666)	5.727.098	(258.940)	(1.136.729)
Handbært fé í upphafi árs		133.653	883.844	1.788.319	2.216.476	2.808.572	3.353.205
Handbært fé í lok ársins		1.946.221	936.210	133.653	7.943.574	2.549.632	2.216.476

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og umhverfismiðstöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Einnig hlutdeildar í rekstri og efnahag byggðasamlaga, sameignafélaga, sameignafyrirtækja og annarra félagsforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Reykjaneshöfn, Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., HS Veitur hf., Íslendingur ehf., Tjarnargata 12 ehf., Nesvellir Hjúkrunarheimili (fasteign) og Hljómahöll-veitingar ehf. Einnig falla undir B-hluta byggðasamlögin Brunavarnir Suðurnesja bs., Kalka sorpeyðingarstöð sf, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a- og b-hluta.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, lög um bókhald, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Ársreikningur bæjarsjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til aðalsjóðs, eignasjóðs og umhverfismiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð jöfnuð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs, b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok og byggðasamlaga og annarra félagsforma með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningar a- og b-hluta lagðir saman en félög með ótakmarkaða ábyrgð eru færð miðað við hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags. Viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð saman.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattigildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilgreiningum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögd gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnfrankvæmda eru færð til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrarrekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við miðgengi reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Evra (EUR)	144,65	149,31	147,20	143,90
Bandaríkjadalur (USD)	128,37	137,93	125,20	138,20
Svissneskur franki (CHF)	154,36	156,82	158,40	152,70
Japanskt jen (JPY)	0,8576	0,9121	0,8023	0,8815

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikningi.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mætir þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninga þeirra félaga b-hluta sem eru skattskyld. Útreikningur byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádrögnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti. Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1 sem fjallar um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhald og reikningsskilum sveitarfélaga. Þar kemur fram að sveitarfélag skuli færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðast út frá fjárhæð skuldbindingar þegar samningar voru gerðir að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamninga skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þegar samningur var gerður.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirdis en þó eigi hærri verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endur mats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádrögnum framlögum til þeirra og gjaldfærðri línulegri afskrift á áttluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir og leigðar eignir.....	40 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi	50 ár
Veitukerfi.....	25 til 50 ár
Hafnarmannvirki	7 til 25 ár
Lóðsbátur	20 ár
Aðrar eignir.....	3 til 8 ár

Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærri en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirdi hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærri reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur.....	35 ár
---------------------	-------

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í félögum verið færðir á kostnaðarverði eða áttluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem fjárfestir er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar sveitarfélagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi sveitarfélagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar eða endurmetið í samræmi við Álit 2 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánaþjór segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um kröfur þessar.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir fjárhagslegum útgöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuldir færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða en annars miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánaþjór segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Viðskipta- og skammtímaskuldir

Viðskipta- og skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreikningsins

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreikningsins er birt í skýringu nr. 24.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2025 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringum nr. 27 í ársreikningnum.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2025	Fjárhags- áætlun 2025	2025	Fjárhags- áætlun 2025
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvar.....	19.037.752	17.600.000	19.037.752	17.170.769
Fasteignaskattur.....	2.259.675	2.211.000	2.182.706	2.211.000
Lóðarleiga.....	509.051	495.000	509.051	495.000
	<u>21.806.479</u>	<u>20.306.000</u>	<u>21.729.510</u>	<u>19.876.769</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Samþættingarframlag.....	62.311	80.000	62.311	80.000
Tekjujöfnunarframlag.....	643.677	0	643.677	0
Útgjaldajöfnunarframlag.....	75.634	200.000	75.634	200.000
Framlag vegna fasteignagjalda.....	422.751	897.000	422.751	897.000
Framlag vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða.....	229.054	0	229.054	0
Almennt grunnskólaframlag.....	918.430	900.000	918.430	900.000
Framlag vegna málefna fatlaðra.....	842.992	700.000	842.992	700.000
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	151.242	150.000	151.242	150.000
Framlag vegna nemanda með ISAT.....	194.980	90.000	194.980	90.000
Framlag vegna tónlistamáms.....	38.604	25.000	38.604	25.000
	<u>3.579.675</u>	<u>3.042.000</u>	<u>3.579.675</u>	<u>3.042.000</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	3.077.728	2.908.173	16.348.365	16.133.102
Eignatekjur.....	71.997	16.977	342.730	16.977
Söluhagnaður fastafjármuna.....	1.868	0	355.368	0
	<u>3.151.593</u>	<u>2.925.150</u>	<u>17.046.462</u>	<u>16.150.079</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>28.537.747</u>	<u>26.273.150</u>	<u>42.355.647</u>	<u>39.068.848</u>
Sundurliðun þjónustutekna				
	2025	2024	2025	2024
Gatnagerðagjöld og Innviðagjöld.....	391.420	546.036	391.420	546.036
Leikskólar.....	318.950	284.320	318.950	284.320
Grunnskólar.....	408.916	411.596	408.916	411.596
Aðrar tekjur menntasviðs.....	70.236	221.088	70.236	221.088
Þjónusta við aldrada.....	177.599	172.780	177.599	172.780
Þjónusta við fatlaða.....	127.074	128.025	127.074	128.025
Flóttafólk og innflytjendur.....	265.747	501.284	265.747	501.284
Aðrar tekjur velferðasviðs.....	53.787	99.999	53.787	99.999
Sorþhreinsunargjöld.....	658.197	620.898	658.197	620.898
Aðrar tekjur sviða og framlag ríkis vegna nýs hjúkrunarheimilis.....	605.803	1.387.935	605.803	1.387.935
Þjónustutekjur b-hluta félaga.....	0	0	13.270.637	12.316.597
	<u>3.077.728</u>	<u>4.373.960</u>	<u>16.348.365</u>	<u>16.690.557</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,97%		
Fasteignaskattur A stofn - íbúðarhúsnæði.....		0,25%		
Fasteignaskattur B stofn - opinberar byggingar.....		1,32%		
Fasteignaskattur C stofn - atvinnuhúsnæði og annað húsnæði.....		1,45%		
Fasteignaskattur - hesthús.....		0,25%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2025	Fjárhags- áætlun 2025	2025	Fjárhags- áætlun 2025
Laun.....	11.738.366	11.049.407	14.219.977	13.478.568
Launatengd gjöld.....	2.837.439	2.831.758	3.694.875	3.593.013
Laun og launatengd gjöld samtals.....	14.575.806	13.881.164	17.914.852	17.071.581
Stöðugildi í árslok 2025.....	1.164		1.328	
Stöðugildi í árslok 2024.....	1.110		1.269	
Ársverk 2025.....	1.175		1.339	
Ársverk 2024.....	1.120		1.279	
Starfsmannafjöldi í árslok 2025.....	1.314		1.478	
Starfsmannafjöldi í árslok 2024.....	1.286		1.445	

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 141,5 milljónum króna á árinu 2025 en 120,4 milljónum króna árið 2024.

Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar b-hluta félaga námu um 231 milljónum króna á árinu 2025 en 198 milljónum króna árið 2024.

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2025	Fjárhags- áætlun 2025	2025	Fjárhags- áætlun 2025
Vaxta og verðbótatekjur langtímakrafna.....	215.989	100.000	438.469	330.000
Annar gengismunur.....	23	0	23	0
Aðrar vaxtatekjur.....	336.744	20.000	352.648	20.000
Tekjur af eignarhlutum.....	350.456	0	330.394	0
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður.....	3.551	0	3.551	0
	906.762	120.000	1.125.083	350.000
Vextir og verðbætur langtímalána.....	(1.460.913)	(1.880.000)	(2.821.405)	(3.576.767)
Önnur vaxtagjöld.....	(145.928)	(40.000)	(145.928)	(40.000)
	(1.606.842)	(1.920.000)	(2.967.333)	(3.616.767)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(700.080)	(1.800.000)	(1.842.250)	(3.266.767)

Skýringar

6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....	0	25.715.304	25.715.304	23.677.000
Félagsþjónusta.....	4.055.439	624.207	(3.431.233)	(3.344.520)
Fræðslu- og uppeldismál.....	14.381.958	798.101	(13.583.856)	(12.753.918)
Meningarmál.....	827.876	149.800	(678.076)	(667.054)
Íþrótta- og tómstundamál.....	2.888.992	633.320	(2.255.672)	(2.199.656)
Brunamál og almannavarnir.....	492.857	0	(492.857)	(383.126)
Hreinlætismál.....	688.281	658.197	(30.084)	(3.896)
Skipulags- og byggingarmál.....	280.541	69.267	(211.273)	(215.065)
Umferðar- og samgöngumál.....	901.044	451.878	(449.166)	(464.400)
Umhverfismál.....	198.074	12.536	(185.538)	(176.383)
Atvinnumál.....	52.832	12.494	(40.338)	(36.212)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.651.785	114.371	(1.537.414)	(1.210.906)
Stofnframlög til óhagnaðardrífna leigufélaga.....	53.210	0	(53.210)	0
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	1.110.898	0	(1.110.898)	(500.000)
Brú lífeyrisaukasjóður.....	27.450	0	(27.450)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	1.228.980	906.762	(322.218)	(1.600.000)
Aðalsjóður samtals.....	28.840.217	30.146.237	1.306.020	121.863
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	3.025.519	2.447.498	(578.021)	289.044
Umhverfismiðstöð.....	358.917	70.929	(287.988)	(225.054)
Innri færslur A hluta.....	(3.220.155)	(3.220.155)	0	0
Bæjarsjóður samtals.....	29.004.498	29.444.509	440.011	185.853

Skýringar

6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun (framhald)

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta stofnanir:				
Fráveita Reykjanesbæjar.....	399.335	731.137	331.801	364.445
Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.....	65	25	(39)	(21)
HS Veitur hf.....	9.581.493	11.488.888	1.907.395	1.517.685
Hjúkrunarheimilið Nesvellir (fasteignin).....	230.538	173.994	(56.543)	(26.400)
Hljómahöll-veitingar ehf.....	104.558	96.180	(8.378)	1.000
Reykjaneshöfn.....	387.536	476.377	88.841	20.229
Tjarnargata 12 ehf.....	145.551	117.713	(27.837)	15.550
Íslendingur ehf.....	21	1	(20)	(21)
Bygðasamlög.....	2.246.441	2.774.314	527.873	36.381
	<u>13.095.538</u>	<u>15.858.630</u>	<u>2.763.093</u>	<u>1.928.848</u>
Hlutdeild minnihluta.....	951.791	0	(951.791)	(757.325)
Afskrift yfirverðs vegna eignarhlutar í HS Veitum hf.....	(22.965)	0	22.965	0
Söluþap hlutabréfa leiðrétt á samstæðugrunni.....	20.062	0	(20.062)	0
Innri færslur.....	(1.822.409)	(1.822.409)	0	0
	<u>41.226.515</u>	<u>43.480.731</u>	<u>2.254.216</u>	<u>1.357.376</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Bæjarsjóður

	Leigðar eignir	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur og veitukerfi	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2025.....	1.993.647	38.870.601	3.342.741	213.000	44.419.989
Viðbót á árinu.....	0	4.387.172	142.555	36.171	4.565.898
Gatnagerðagj. á móti fjárfestingu.....	0	0	(132.706)	0	(132.706)
Selt á árinu.....	0	0	0	(1.082)	(1.082)
Endurmat lóða samkvæmt álit 2.....	0	1.701.218	0	0	1.701.218
Afskrifað á árinu.....	(59.937)	(805.764)	(201.788)	(42.394)	(1.109.883)
Bókfært verð 31.12.2025.....	<u>1.933.710</u>	<u>44.153.227</u>	<u>3.150.802</u>	<u>205.695</u>	<u>49.443.434</u>

Samantekið

	Leigðar eignir	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur og veitukerfi	Hafnar- mannvirki	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2025.....	1.993.647	43.273.942	36.534.626	1.662.529	837.206	84.301.951
Endurmat á árinu / álit 2.....	0	1.781.231	0	0	0	1.781.231
Leiðrétt v/Bygðasamlaga.....	0	0	0	0	0	0
Viðbót á árinu.....	0	4.892.667	2.659.181	185.799	187.410	7.925.057
Selt á árinu / bakfærðir samningar.....	0	(48.522)	(35.350)	0	(2.333)	(86.204)
Afskrifað á árinu.....	(59.937)	(1.037.323)	(1.275.296)	(39.918)	(118.360)	(2.530.834)
Gatnagerðagjöld á móti fjárfestingu.....	0	0	(132.706)	0	0	(132.706)
Bókfært verð 31.12.2025.....	<u>1.933.710</u>	<u>48.861.995</u>	<u>37.750.456</u>	<u>1.808.410</u>	<u>903.924</u>	<u>91.258.496</u>

Skýringar

7. Varanlegir fastafjármunir (framhald)

